

Holtavörðuheiðarlína 3

Landeigendafundur

Staður: Landsnet, Gylfaflöt

Dags. 29.3.2023 kl. 16.30-18

Fundarmenn:

- Sömu og á fyrri fundum frá Landsneti, VSÓ og EFLU.
- Landeigendur á staðnum, u.þ.b. 10
- Gestir á Teams: Bjartmar Freyr Erlingsson, Karl Ásgeirsson

Ella biður gesti að kvitta fyrir mætingu og bæta við netföngum fyrir póstlista, sé þess óskað.

Sömu erindi og á fyrri fundum:

- Anna Sigga
- Erla Björg
- Gnýr

1. Erindi Önnu Siggú.

Spurning frá landeiganda á staðnum (eftir erindi Önnu Siggú): Er í raun um 4 leiðir að ræða á öllum leiðum, A, B og D?

Árni Jón útskýrir m.a. leið A2: Liggur þar sem núverandu ljósleiðari liggur, nýtist að e-u leyti.

Hvað er helgunarsvæði stórt?

Fer eftir hæð mastra og staursetningu og landslagi, reiknað út fyrir hvert tilfelli, en 55 m er meðalstærð helgunarsvæðis. Það getur þó orðið um 100 m ef línan yrði lögð meðfram núverandi línu.

2. Erindi Erlu Bjargar

Spurning fyrir hönd Veiðfélags Hún ... (Karl Ásgeirsson, Teams)

Hafa orðið fyrir tjóni vegna lína sem liggja í Hrútafirði.

Á ekki að taka þennan þátt inn í umhverfismatið?

Erla svarar að það verði lagt mat á ferðapjónustu, og þar verður ferðapjónusta tekin inn líka.

Elín hvetur fólk til að senda inn ábendingar um umhverfismatið en einnig hvaða valkosti þeim hugnast best o.s.frv.

3. Erindi Gnýs

Spurt er um útlit á möstrum

Gnýr sýnir mynd á forsíðu kynningar.

Einn gestur lýsir ánægju sinni með það að taka út tengingu í Hrútatungu.

Gnýr lýsir því hver framtíðarsýn varðandi þennan tengipunkt.

Ætlið þið að fara með Vestfjarðarlínuna þar inn úr og í gegnum Glerárskóg

Ekki búið að skoða hvernig verður tvítengt á Vestfjörðum.

Hvenær stendur til að byrja að byggja HH3?

Um leið og hægt er, en vonandi árið 2026 ef allt gengur upp varðandi MÁU og leyfismál. Gnýr útskýrir að það í raun mikilvægara fyrir kerfið að ljúka HH3.

Hvenær stendur til að gera upp á milli þessara valkosta?

Umhverfismatið og niðurstöður þess munu aðstoða við val á aðalvalkosti. Um svipað leyti og umhverfismatsskýrsla er gefin út, ca. um áramót mun aðalvalkostur liggja fyrir.

Hvaða aðferðir eru notaðar til að greina umhverfispætti og vægi þeirra? Er notast við fræðilega aðferð eins og í rammaáætlun? AHB greiningin er góð, bent á það.

Hver kostur er metinn fyrir sig.

Athugasemd RG: E.t.v.. er vert að skoða hvernig endanlega er lagt mat á mismunandi valkosti

Er kerfi á nafnakerfi Landsnets?

Gnýr útskýrir. Hangir yfirleitt við nafn tengivirkis.

Ásýndarmyndir – er hægt að óska eftir að fá ásýndarmyndir?

Unnið frá ákveðnum bæjum en einnig fundað með landeigendum og verkefnaráði. Verður líklega unnið með svipuðum hætti og fyrir Blöndulínu 3.

Athugasemd RG: Það getur verið mjög sniðugt að notast við gagnvirka vefsíðu, og kenna landeigendum að nota síka til að koma ábendingum á framfæri varðandi myndatökustaði.